



Forystuskólar í Hafnarfirði

Starfsreglur

Inngangur

Forystuskóli er hugtak sem innleitt er og kynnt í skólastefnu Hafnarfjarðar (2005) en þar segir:

Aðstæður í skólaumhverfi Hafnarfjarðar verði þannig að einstaka skólum gefist kostur á að sækja um að sinna faglegri forystu, gerast forystuskóli, á ákveðnum sviðum og þeir verði styrktir sérstaklega til þess. Sérhver forystuskóli móti sína sérstöðu og sé reiðubúinn til að gegna ákveðnu ráðgjafarhlutverki og hafi frumkvæði að því að miðla reynslu og þekkingu sinni til annarra skóla. Símenntun starfsmanna forystuskóla taki mið af sérstöðu þeirra. (**Skólastefna Hafnarfjarðar 2005, liður 1.7 inngangur**)

Leik-, grunn- og tónlistarskólar í Hafnarfirði geta orðið forystuskólar á vegum Hafnarfjarðarbæjar hafi þeir forsendur til að geta verið í forsvari faglegra mála í skólastarfi.

Þannig er gert ráð fyrir að skólar sæki um að gerast forystuskólar til fimm ára í senn og fái til þess formlegt leyfi í samræmi við starfsreglur sem hér eru kynntar.

1. Skilgreining

Forystuskóli telst sá skóli sem fræðsluráð Hafnarfjarðar samþykkir að skuli verða forystuskóli. Forystuskóli felur í sér að skóli hafi forystu á einhverju sviði kennslu og menntamála sem mikilvægt er fyrir skólastarf í leik-, grunn- og tónlistarskólum.

2. Markmið

Markmið með því að skóli gerist forystuskóli eru margvætt, m.a. þessi:

- Að stuðla að nýbreytni- og frumkvöðlastarfi í þágu bættrar menntunar.
- Að styðja við faglegt starf og viðurkenna fagmenntun í verki.
- Að auka færni og þekkingu á skólastarfi til að efla nám og kennslu er nýtist nemendum sem best.
- Að efla fagþekkingu og færni kennara í skólum Hafnarfjarðar þar sem þeim gefist kostur á að efla sjálfa sig í starfi, menntast og vinna að starfsþróun.

3. Undirbúningur

Hafi skóli áhuga á að gerast forystuskóli á ákveðnu sviði en skorti reynslu og þekkingu á viðkomandi sviði má veita honum styrki til undirbúnings með því að vinna þróunarverkefni á því sviði sem hann hyggst efla forystu sína á. Þannig er heimilt að nota hluta þess fjármagns sem ætlað er til forystuskóla til undirbúnings, sem þó mun alltaf vera lægri upphæð en til forystuskóla og með öðrum starfsreglum.

4. Forystuskóli

Skólastjóri er í forsvari og er ábyrgðarmaður forystuskólaverkefnis. Ætlast er til að forystuskóli hafi á að skipa kennurum sem hafi góða fagþekkingu á viðkomandi sviði og nýti þá þekkingu í daglegu skólastarfi sem komi nemendum forystuskólans til góða. Forystuskóla ber að miðla þekkingu sinni sem forystuhlutverkið skapar til skólasamfélagsins í Hafnarfirði.

5. Umsókn

Umsókn um forystuskóla skal skila á sérstöku eyðublaði auk fylgigagna eftir atvikum. Í skýrslunni skal m.a. koma fram (sjá einnig lið 6):

- Heiti þeirrar forystu sem skóli vill gerast forystuskóli í.
- Lýsing á því að hverju skólinn stefnir með forystunni (100-300 orð).
- Rökstuðningur fyrir því að skóli sé til forystuhlutverks reiðubúinn (100-300 orð).
- Markmið verkefnisins.
- Tilgreina væntanlegan verkefnisstjóra og verkefnisáherslur hans.
- Tímaáætlun á verkefnum (gróf til 5 ára og nákvæm til 1 árs).
- Fjárhagsáætlun til eins árs.
- Matsáætlun til eins árs og með matsviðmiðum/markmiðum.

6. Vinnuferli

Hægt að sækja um að gerast forystuskóli hvenær ársins sem er en að jafnaði skal umsókn berast fyrir 1. apríl ár hvert komi til greina að gerast forystuskóli frá upphafi næsta skólaárs (1. ágúst).

Forystuskóli þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Meirihluti kennara skólans samþykkir, t.d. á kennara-/starfsmannafundi, að skóli sæki um að gerast forystuskóli og viðurkennir um leið ábyrgð sína í að vinna að framgangi verkefnisins. Slíkt skal skráð formlega í opinbera fundargerð/fundagerðarbók.
- Umsögn foreldraráðs (grunnskólar) eða foreldrafélags (leikskólar) fylgi umsókn.
- Skólastjóri fyllir út umsókn og sendir á Skólaskrifstofuna (fræðslustjóra). Lagt er mat á umsókn og er hún lögð fyrir samráðsfund Skólaskrifstofu¹ til afgreiðslu.
- Meirihluti fræðsluráðs staðfestir umsókn endanlega.

Eftirfarandi vinnuferli er haft til viðmiðunar fyrir árin fimm sem skóli er forystuskóli:

1. **ár:** Áhersla á að byggja upp eigið skólastarf í samræmi við forystuhlutverkið, efla símenntun starfsfólks á forystusviðinu, byggja upp verkefnisteymi og gera langtímaáætlun fyrir verkefnið út verkefnistímamann.
2. **ár:** Frekari þróun á forystuhlutverki, mat á þróun og fyrsta endurskoðun verkefnis ef þurfa þykir.
3. **ár:** Þróun eigin forystu.
4. **ár:** Frekari þróun eigin forystu.
5. **ár:** Frekari þróun eigin forystu, heildarmat á verkefni og lokaskýrsla með heildarsamantekt og -mat á árangri þess.

Gert er ráð fyrir að forystuskóli sé sífellt tilbúinn að kynna forystuskólahlutverkið, sérstaklega skólastjóri og verkefnisstjóri. Eftir því sem líður á verkefnið er ætlast til að afurð verkefnisins sé miðlað eftir atvikum (t.d. námskeið, greinaskrif, ráðgjöf og kynningar) og ítarlegar eftir því sem á verkefnistímamann líður (3.-5. ár verkefnis), sérstaklega meðal skólafólks í Hafnarfirði.

¹ Samráðsfundir Skólaskrifstofu eru haldnir, að jafnaði, vikulega. Þá sitja nú sviðsstjóri fræðslusviðs, skrifstofustjóri, ráðgjafar- og þróunarfulltrúi, þróunarfulltrúi leikskóla og þróunarfulltrúi grunnskóla.

7. Stjórnun

Ætlast er til að innan hvers forystuskóla sé skipaður sérstakur verkefnisstjóri við verkefnið og skal hann vera utan stjórnunarteymis skólans (skólastjóri, aðstoðarskólastjóri eða deildarstjóri) nema verkefnisstjórnin falli augljóslega utan núverandi skilgreindra stjórnunarstarfa. Gert er ráð fyrir að verkefnisstjóri annist einnig kennslu við skólann og sé í fararbroddi faglegrar forystu þess viðfangsefnis sem skólinn hefur tekið að sér að sinna.

Verkefnisstjóri hefur sérstök hlutverk samkvæmt neðangreindri skilgreiningu, í samráði við skólastjóra, sem hægt er að skilgreina sem fast starfshlutfall í hlutastarfi yfir heilt skólaár (t.d. 10-20% starf). Verkefnisstjóri:

- Stýrir verkefni og verkefnisteymi forystuskóla.
- Ber faglega ábyrgð á framkvæmd verkefnis og tryggir framgang þess innan skólans, s.s. kynningar á fundum, leiðsögn til kennara og eftirfylgni verkefnis innan skóla.
- Skrifar/skilar árlega skýrslu um forystuskólaverkefnið til skólastjóra, Skólaskrifstofunnar og fræðsluráðs Hafnarfjarðar. (Sjá nánar lið 10.)
- Kynnir verkefnið út á við og sérstaklega meðal annarra kennara, skólastjóra og skólafólks í Hafnarfirði.

8. Leiðsögn

Forystuskóla stendur til boða ráðgjöf frá Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar í fyrirfram skilgreinda tíma eftir óskum í umsókn frá viðkomandi skóla (viðmið er 10-20 stundir á skólaári). Ráðgjöfin er veitt að frumkvæði forystuskóla og í þau viðfangsefni sem hann óskar eftir. Slík ráðgjöf er forystuskóla að kostnaðarlausu.

9. Fjármagn

Forystuskóli hlýtur sjálfkrafa fast fjármagn á ári í fimm ár. Upphæðin er ákveðin af fræðsluráði fyrir 1. febrúar ár hvert fyrir næsta skólaár á eftir. Fjármagninu skal veitt til verkefnisstjórnunar, endurmenntunar starfsfólks, kennslugagnaokaupa og til sérstakra viðfangsefna sem skal rökstyðja hverju sinni. Í starfsáætlun forystuskóla fyrir hvert skólaár skal fylgja nákvæm fjárhagsáætlun og eftirá skal skila rekstraryfirliti fyrir liðið starfsár.

10. Ársskýrsla - skýrslugerð

Árlega gera forystuskólar sérstaka skýrslu um verkefni liðins starfsárs. Í henni skal greina frá starfsemi/verkefnum liðins skólaárs, kynna þau verkefni sem ætlað var að vinna og hvernig þau tókust (mat). Sömuleiðis skal í skýrslunni vera starfsáætlun fyrir komandi starfsár. Í nýrri starfsáætlun skal vera ný matsáætlun, fjárhagsáætlun, ítarleg starfsáætlun, undirmarkmið komandi starfsárs og endurmenntunaráætlun sem tengist verkefninu og endurmenntunaráætlun skólans. Gera má ráð fyrir að síðar geti komið til frekari leiðbeiningar við skýrslugerðina og ráðgjöfin getur sömuleiðis verið vegna skýrslugerðar (sjá lið 7). Skýrslunni skal skila fyrir lok viðkomandi skólaárs (31.júlí).

11. Staðfesting starfsreglnanna

Þessar starfsreglur skulu hljóta staðfestingu fræðsluráðs til að öðlast gildi og endurskoðaðar eins oft og þurfa þykir. Starfsreglurnar taka gildi um leið og þær hafa verið samþykktar í fræðsluráði. □